22. júlí 2026

Guðmundur Fertram | Opinn fundur Áfram Íslands á Selfossi

https://www.youtube.com/watch?v=di3yHUrpm94 9:38 mín

„Það gerðist ekki vegna þess að einhver annar trúði á Ísland. Það gerðist vegna þess að við trúðum á Ísland og ég vona að við gerum það áfram.“

Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stofnandi og forstjóri Kerecis, flytur kraftmikla ræðu um Ísland, íslenskt hugvit og þau tækifæri sem þjóðin getur skapað á eigin forsendum.

Ræðan var flutt á opnum borgarafundi Áfram Íslands á Sviðinu á Selfossi 22. júlí 2026.

Fylgstu með Áfram Íslandi og taktu þátt í samtalinu um framtíð landsins.

Kæru landar, það er mjög mikill heiður að vera hér með ykkur á Selfossi í dag. Rætur mínar eru á Ísafirði og ég lærði snemma að lítið gerðist nema fólk taki sjálft til hendinni. Það lærði ég líka að smæð getur verið styrkur. Líf mitt hefur verið alþjóðlegt. Ég fæddist í Þýskalandi, búið í Evrópu, Bandaríkjunum og Nýja-Sjálandi og starfa daglega með fólki um allan heim í starfi mínu hjá Kerecis Coloplast í Evrópu.

Ég ber mikla virðingu fyrir Evrópu. Þar eru öflug samfélög, framúrskarandi háskólar og rík menning. En virðing fyrir Evrópu þýðir ekki að ég að telja framtíð Íslands eigi að liggja innan Evrópusambandsins. Ég er ekki kominn hingað í dag til að tala gegn Evrópu. Ég er hér kominn til að tala fyrir Íslandi.

Þegar við rifjum upp Sjálfstæðisbaráttu Íslands sjáum við að hún snérist um miklu meira en fána og stjórnarskrá. Hún snérist um að Íslendingar fengu að ráða sig sjálfir bæði stjórnmálalega og efnahagslega. Hún snérist um frelsi til athafna, frelsi til verslunar og frelsi til að móta eigin framtíð.

Um miðja 18. öld voru reglur afnumdar um að Íslendingar mættu einungis versla við Dani. Svokölluð fríhöndlun sem fylgdu eftir einokunar versluninni var afnumin. Í fyrsta skipti í rúmlega tvær aldir gátu Íslendingar byggt upp eigin inn útflutning og tekið þátt í alþjóðaviðskiptum á eigin forsendum. Frumkvöðlar um allt land gripu tækifærið. Umfangsmestur þeirra var Ásgeir Ásgeirsson á Ísafirði. Ásgeirsverslun varð um tíma stærsta fyrirtæki landsins og sýndi hverju Íslendingar gátu áorkað þegar þau fengu frelsi til þess sjálfir. Frelsir til að keppa og skaffa.

Jón Sigurðsson og Ásgeir Ásgeirsson á Ísafirði voru samherjar og átti miklum samskiptum. Annar leiddi baráttuna fyrir pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Hinn sýndi í verki hvað

efnahagslegs frelsi gat skapað. Þeir skildu báðir að fullveldi án efnahagslegs sjálfstæðis væri ekki fullkomið frelsi.

En það voru fleiri íslenskir frumkvöðlar sem gripu tækifærið þegar inn útlutning var gefin frjáls. Frumkvöðlar um allt land. Ólafur Arnarsson hér í nágrenni á Stokkseyri rak til dæmis í kringum 1900 umfangsmesta inn og útlúsfyrirtæki Suðurlands og hafði mikil áhrif á efnahagslegan vöxt á Íslandi. Ég held að þessi boðskapur eigi ekki síður við í dag en á tímum þessara manna.

Sjálfstæði snýst ekki aðeins um hver setur lögin. Það snýst líka um að hafa frelsi til að skapa, eiga viðskipti við umheiminn og móta eigin framtíð. Mitt mikilvægasta starf hefur verið að byggja upp Kerecis frá grunni. Við tókum hráefni sem flestir lita á sem úrgang, roð af sjálfbært veiddum íslenskum þorski og breyttum í hátækni vöru. Úr var lækningartæki sem hjálpar læknum að meðhöndla brunasár, langvinnsár, áverka og önnur flókin sár þar sem hefðbundnar meðferðir duga skammt.

Með því umbreytta og vannýttu hráefni í vöru með miklum virðisauka tókst að sameina nýsköpun, sjálfbærni og lífvísindi á einstakan máta. Í dag hefur þessi íslenska tækni hjálpað hundruðum þúsunda sjúklinga um allan heim. Stytt bataferli, bætt lífsgæði og í mörgum tilfellum stuðlað að því að bjarga útlímum og jafnvel mannslífum.

Við byggðum þetta fyrirtæki á Íslandi á Ísafirði hefði auðvitað getað verið í hvaða bæ sem er á Íslandi með íslensku hugviti. Við höfðum aldrei þá hugsun að markaðurinn væri Evrópa. Við höfðum aldrei þá hugsun að markaðurinn væri annar en heimurinn. Markaðurinn var heimurinn allur. Fyrstu viðskiptavinirnir gátu verið í Reykjavík, Berlín eða Boston. Það skipti okkur ekki máli.

Það sem skiptir okkur máli var að búa til bestu vöruna í heimi. Ég hef undanfari spurt mig, hefði Kerecis orðið stærra eða betra fyrirtæki ef Ísland hefði verið í Evrópusambandinu? Mín einlæga niðurstaða er nei. Við urðum ekki alþjóðlegt fyrirtæki vegna þess að Ísland væri stórt. Við urðum alþjóðlegt fyrirtæki vegna þess að Ísland er lítið.

Ég sé líka hvernig heimurinn er að breytast. Það er ekki bara mín tilfinning, það eru staðreyndir. Evrópusambandið hefur sjálfbent á að samkeppnishæfnir álfunnar sé að veikjast og nýsköpun bil sé að skapast gagnvart Bandaríkjunum og Kína.

Tölurnar tala sínu máli. Evrópusambandið ver aðeins 2,2% af vergri landframleiðslu í rannsóknir og þróun. Bandaríkin verja 3,6, Japan 3,4, Kína 2,6 og Suður-Kórea rúm 5% af landframleiðslu í rannsókn og þróun. Hlutur Evrópu í alþjóðlegum einkalegum rannsóknum hefur jafnt jafnframt lækkað úr um 30% í aðeins 17% frá aldamótum.

Evrópa býr enn yfir framskarandi vísindafólki á öflum háskólum. Vandinn er ekki skortur á hugmyndum. Vandinn er að hugmyndirnar verða of sjaldan að alþjóðlegum fyrirtækjum. Evrópa

stendur frammi fyrir raunverulegum áskorunum. Hagvöxtur hefur verið hægari og regluverkið verður sífellt meira íþyngjandi. Ég þekki þetta af eigin raun.

Í lækningartæki hefur nýtt evrópskt regluverk tekið gildi sem er bæði dýrara og torveldara að koma nýjungum á markað. Afleiðingin er sú að evrópsk frumkvöðlafyrirtæki velja í dag að hefja vegferð sinn í Bandaríkjunum eða Asíu frekar en á sínum heimamarkaði. Rótgróin fyrirtæki velja einnig að setja á markað nýjar vörur sínar fyrst í Bandaríkjum með Asíu vegna hins íþyngjandi regluverks Evrópu. Ég verð vitna þessu á hverjum degi. Þessu hefðu fáir getað trúað fyrir 20 árum.

Þetta snýst ekki um að tala Evrópu niður. Þetta snýst um að horfast í augu við staðreyndir. Evrópusambandið er samtök ríkja sem hafa afsala sér efnahagslegu sjálfstæði. Allar reglur og stefnur um tæknilegar kröfur inn á útflutning eru settar af sambandinu. Markaðurinn fyrir Kerecis og okkar fjölmörgu íslensku fyrirtæki er ekki staðbundinn við Evrópu. Heimurinn er markaðurinn okkar. Við eigum ekki að líta á Evrópu sem eina gluggann út í heim. Ísland hefur gert fríverslunarsamninga við Kína. Evrópusambandið hefur enn ekki gert fríverslunarsamning við Kína. Við erum með fríverslunarsamning við Evrópu.

Við vorum á undan Evrópusambandinu með fríverslunarsamning við Indland. Eitt af þeim hagkerfum í heiminum sem vex hraðast. Bandaríkin er okkar mikilvægasta útflutningsmarkaður og ég tel að við eigum að gera fríverslunarsamningu við Bandaríkin. Það yrði mun auðveldara fyrir okkar litla Ísland að ná fríverslunarsamningu við Bandaríkin heldur fyrir þið flókna Evrópusamband.

Jón Sigurðsson og Ásgeir Ásgeirson á Ísafirði börðust fyrir efnahagslegu frelsi. Það hefur reynst okkur gríðarlega vel hvers vegna í ósköpunum ættum við að afsala okkur því til Brussel. Sem sjálfstæð þjóð búum við yfir sveigjanleikann til að byggja upp viðskipti þar sem tækifærin eru hverju sinni. Það er mikill styrkur sem við megum ekki afsala okkur. Ég hef farið nokkuð víða með þau verkefni sem ég tengist. Hitt fjárfesta ráðherra, vísindamenn lækna og stjórnendur stærstu fyrirtækja heims.

Aldrei nokkurn tímann hef ég fundið fyrir því að það verði ókostur á Íslendingur. Þvert á móti fólk man eftir Íslandi. Fólk man eftir Íslendingum. Fólk ber virðingu fyrir Íslendingum og Íslandi. Fólk vill hjálpa litlu landi sem hefur kjark til að standa á eigin fótum. Það er eitthvað sem við megum ekki vanmeta. Smæð Íslands er ekki veikleiki. Hún er samkeppnisforskot.

Afsölum okkur ekki þessu samkeppnisforskoti til Evrópusambandsins. Ég tel að ákvarðanir okkar Íslendinga eigi áfram að vera teknar á Íslandi. Ekki vegna þess að við óttumst um heiminn heldur vegna þess að við höfum sýnt að við getum staðið okkur. Jón Sigurðsson og Ásgeir Ásgeirsson börðust fyrir pólitísku og efnahagslegu sjálfstæðu þjóðarinnar og þeir sýndu og við höfum sýnt hvað efnahagslegt frelsi getur skapað.

Við höfum byggt upp öflugt samfélag. Við höfum skapað fyrirtæki sem keppa við þau bestu í heiminum. Við höfum sýnt að smæðin er styrkur þegar hugur ekki, frumkvæði og ábyrgð fara saman. Kæru landar, ég hef búið í Evrópu. Ég hef búið í Bandaríkjunum. Ég hef búið á Nýja Sjálandi. Ég hef byggt upp alþjóðlegt fyrirtæki sem starfar um allan heim. Ég starfa í Evrópu og hef rekstrareiningu með 60 milljarða tekjur og sölu yfir 50 löndum.

Og ég trúi því að Íslendingar geti ýtt úr vör fyrirtækjum sem ná sama ef ekki betri árangri en okkur hefur tekist í Kerecis. Ef ég teldi að aðild Evrópusambandinu væri nauðsynleg fyrir framtíð Íslands þá myndi ég einfaldlega segja það. En mín reynsla hefur leitt mig að annarri niðurstöðu. Ég hef séð hverju lítil samfélag getur áorkað. Ég sé hvað fólk á Vestfjörðum og bæjarfélögum hringinn í kringum landið getur byggt upp.

Ég hef séð íslenskt hugvit bjarga mannslífi um allan heim. Og það gerðist ekki vegna þess að einhver annar trúði á Ísland. Það gerðist vegna þess að við trúðum á okkur sjálf. Og ég vona að við gerum það áfram. Ekki vegna þess að við óttumst um heiminn heldur vegna þess við höfum sjálfstraust til að takast á við hann sem sjálfstæð þjóð.

Smæð Íslands er ekki veikleiki. Hún er okkar mesti styrkur. Takk fyrir.